12. gr.

Aðalskrifstofa Sjóðsins skal vera í Reykjavík.

Fulltrúar hans skulu vera í Þórshöfn og Nuuk.

Byggðastofnun skal veita sjóðnum alla nauðsynlega aðstöðu varðandi stjórnun og afgreiðslu, s.s. húsnæði, bókhald, afgreiðslu, daglega endurskoðun, lögfræðiaðstoð, innheimtu, vörslu verðbréfa o.fl. til ráðstöfunar fyrir Sjóðinn.

Ýmis ákvæði

13. gr.

Norræna ráðherranefndin útnefnir tvo endurskoðendur til að fara yfir starfsemi Sjóðsins og reikningsskil hans. Endurskoðendurnir skulu árlega láta Norrænu ráðherranefndinni í té skýrslu um endurskoðunina.

14. gr.

Norræna ráðherranefndin getur tekið ákvörðun um breytingar á samþykktum Sjóðsins eða viðbót við þær, þó því aðeins að öryggi lánardrottnanna skerðist ekki við það. Ráðherranefndin skal í síðasta lagi 1.3.1996 taka afstöðu til starfsemi Sjóðsins eftir árið 1999.

Ef Norræna ráðherranefndin ákveður að leysa Sjóðinn upp skal hún tilnefna þær persónur sem eiga að annast það verk.

Uppgjör Sjóðsins með endurgreiðslum á stofnfé hans eða annarri ráðstöfun á því framlagi getur ekki gengið hraðar fyrir sig en unnt er að ganga frá og gera upp lán Sjóðsins ásamt öðrum skuldbindingum hans þann dag sem ákvörðunin um að leggja Sjóðinn niður var tekin.

Nr. 3 21. apríl 1987

AUGLÝSING

um viðbótarbókanir við Genfarsamningana frá 1949.

Hinn 10. apríl 1987 var svissneska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna viðbótarbókana I og II við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949. Bókanirnar voru gerðar í Genf 8. júní 1977 og lagðar fram til undirritunar í Bern 12. desember 1977 og undirritaðar fyrir Íslands hönd sama dag með fyrirvara um fullgildingu.

Við fullgildingu var gerður fyrirvari við 75. gr. 4 (h) viðbótarbókunar I, sbr. fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Jafnframt var viðurkenndur réttur alþjóðlegrar rannsóknarnefndar skv. 90. gr. viðbótarbókunar I, sbr. fylgiskjal 2 með auglýsingu þessari.

Viðbótarbókanirnar öðlast gildi að því er Ísland varðar 10. október 1987.

Viðbótarbókanirnar eru ekki birtar hér en hægt er að sjá texta þeirra í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. apríl 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal 1.

Fyrirvari við 75. gr. 4 (h) viðbótarbókunar I

Ísland gerist með skjali þessu fullgildur aðili bókananna, þó með fyrirvara um 75. gr. 4 (h) viðbótarbókunar I um endurupptöku á máli sem áður hefur verið dæmt, enda hafa íslensk réttarfarslög ítarleg ákvæði um þetta efni.

Reservation with respect to Article 75, paragraph 4 (h), of Additional Protocol I

Iceland through this document ratifies the aforementioned Protocols, subject to a reservation with respect to Article 75, paragraph 4 (h), of Protocol I regarding the resumption of cases which have already been tried, the Icelandic law of procedure containing detailed provisions on this matter.

Fylgiskjal 2.

Yfirlýsing skv. 90. gr. viðbótarbókunar I

Ísland viðurkennir samkvæmt ákvæðum 90. gr. viðbótarbókunar I **ipso facto** og án sérstaks samnings, gagnvart hverjum öðrum hinna aðilanna sem gengst undir sams konar skuldbindingar, vald alþjóðlegrar rannsóknarnefndar til þess að rannsaka staðhæfingar annars aðila samkvæmt heimild þeirrar greinar.

Declaration in accordance with Article 90 of Protocol I

Iceland, in accordance with Article 90 of Additional Protocol I, recognizes **ipso facto** and without special agreement, in relation to any other High Contracting Party accepting the same obligation, the competence of the International Fact-Finding Commission to inquire into allegations by such other Party, as authorized by the aforementioned Article.

21. apríl 1987 Nr. 4

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Hinn 15. apríl 1987 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytingar á gr. VI.A.1 í stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar frá 26. október 1956 sem samþykkt var á 236. fundi þings stofnunarinnar 27. september 1984. Stofnskráin er birt í Samningum Íslands við önnur ríki, nr. 111, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 78/1957, sbr. einnig auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1972. Samkvæmt breytingunni verður orðinu „níu" breytt í „tíu" á tveimur stöðum í greininni.

Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 21. apríl 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Hannes Hafstein.

25. maí 1987 Nr. 5

AUGLÝSING

um Norðurlandasamning um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Hinn 21. maí 1987 var finnska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem undirritaður var í Svaneke á Borgundarhólmi 17. júní 1981. Alþingi hafði með ályktun 18. mars 1987 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn.

Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 25. júlí 1987.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. maí 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Hannes Hafstein.